

Akureyrarbær  
Pétur Bolli Jóhannesson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. apríl 2012  
Tilvísun: UST20111100122/mik

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu á Hafnarsvæði í Krossanesi.**

Vísað er í erindi frá Akureyrarbæ dags. 2. nóvember 2011. Í erindinu er óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu á Hafnarsvæði í Krossanesi, breytingu á deiliskipulagi Krossnesi 4 og Krossaneshaga B áfanga, Akureyri.

Við vinnslu á umsögn stofnunarinnar kom í ljós að breytingar á deiliskipulagi sem um ræðir í erindinu voru samþykktar af skipulagsnefnd Akureyrar þann 16. des. 2011 og staðfest af bæjarstjórn Akureyrar þann 20. des. 2011. Breytingarnar voru auglýstar í Stjórnartíðindum B-deild, þann 5. janúar 2012.

Umhverfisstofnun hafði ekki afgreitt erindi Akureyrarbæjar á þessum tíma og því var umrætt deiliskipulag samþykkt og staðfest án umsagnar Umhverfisstofnunar.


Umhverfisstofnun hefur lögbundna umsagnarskyldu í skipulagsmálum eins og kemur fram í 33. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Þar er kveðið á um; að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og ef um verulegar breytingar á þeim er um að ræða. Við gerð deiliskipulags skal samkvæmt 40. gr skipulagslaga nr. 123 frá 2010 leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og kynna fyrir almenningi. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105 frá 2006 segir í 7.gr. að sá sem beri ábyrgð á umhverfismati áætlana skuli senda Umhverfisstofnun umhverfisskýrslu til að stofnunin geti komið á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar, áður en áætlunin er afgreidd.


Í erindi frá Akureyrarbæ frá 4. nóvember 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar er ekki gefinn neinn frestur til að skila inn umsögn eða vakið athygli á tímamörkum að öðru leyti. Ekki er um lögbundinn frest að ræða í tilfellum sem þessum en Umhverfisstofnun starfar samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og ber að afgreiða erindi sem henni berast eins fljótt og unnt er. Umhverfisstofnun hefur sett sér tímamörk fyrir afgreiðslu erinda eftir eðli þeirra eins og sjá má á vef stofnunarinnar.

Vegna umsagna á deiluskipulagi eins og hér um ræðir áskilur stofnunin sér allt að 120 daga í að svara slíkum erindum.

Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til Akureyrarbæjar að þess sé gætt við vinnslu mála af þessu tagi að unnið sé skv. lögum og reglugerðum sem um slík mál gildir.

Virðingarfyllst

  
Abalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Elín S. Óladóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun

